



Morgunblaðið/RAX

Gunnar Guðbjörnsson „Ég ákvað að taka mér hlé frá söngnum því það gefur ekkert í aðra hönd að vera söngvari á Íslandi,“ segir ritstjóri hinnar nýstofnuðu Menningarpressu.

Blómleg menning skapar ríkidæmi

- Gunnar Guðbjörnsson tenórsöngvari haslaði sér nýverið völl sem ritstjóri Menningarpressunnar
- Lestur síðunnar tók kipp þegar umfjöllun um framtíð tónlistarnáms í Reykjavík fór á skrið

Bergþóra Njála Guðmundsdóttir
ben@mbl.is

Öflug umræða á Menningarpressunni, sem vistuð er undir Pressunni.is, m.a. um framtíð tónlistarkennslu á Íslandi hefur vakið athygli að undanförunu. Rekstur og skrif á Menningarpressunni eru í höndum Gunnars Guðbjörnssonar tenórs, en vefurinn hefur verið í loftinu frá því í október síðastliðnum. „Aðdragandinn er nokkuð langur,“ svarar hann aðspurður hvað hafi dregið hann út í blaðamennsku á netinu. „Ég hef starfað sem söngvari í 20 ár og frá því að ég fluttist heim fyrir sjö árum hef ég unnið fyrir mér með því að starfa hluta af árinu erlendis. Ég skipti um raddfag fyrir nokkrum árum, fór úr því að syngja lýrískan tenór yfir í Wagner, sem gekk satt best að segja með ágætum. Hins vegar hefur verið mikill niðurskurður á fjármagni til óperuhúsanna og tveggja ára samningi mínum við óperuhúsið í Freiburg var að ljúka. Þá lá fyrir að lítið annað væri í stöðunni en að fara aftur á fastráðningarsamning sem skilaði ekki nægilega miklu í kassann til að standa undir flugferðum og uppihaldi erlendis þannig að eitt-hvað væri eftir fyrir heimilið á Íslandi sem skipti máli. Þegar fjárfarveran frá því bættist við fannst okkur þetta ekki borga sig þannig að ég ákvað að taka mér hlé frá söngnum því það gefur ekkert í aðra hönd að vera söngvari á Íslandi.“ Þetta varð til þess að hann fór að kanna möguleika á því að hrinda í framkvæmd hugmynd um menningararvef, en hana hafði hann gengið með í maganum í nokkurn tíma. „Mér blöskraði hvað menningar-

umfjöllun í fjölmiðlum var af skornum skammti og það sem þó var til staðar fannst mér ekki endurspegla fjölbreytnina í menningarlífinu. Það er mikið misvægi milli umfjöllunar um menningarmál og annað, og t.d. fær menning afskaplega litla umfjöllun í sjónvarpinu, miðað við hvað hún er fyrirferðarmikil í þjóðfélaginu.“

Með blaðamanninn í maganum

Upprunalega langaði Gunnar að koma á fót sjálfstæðum menningarfjölmiðli sem hefði nokkra starfsmenn og síðastliðið sumar kannaði hann möguleika á að fá fjárfesta í slíkt verkefni, en fékk litlar undirtektir. „Ég gaf því hugmyndina eiginlega upp á bátinn. Svo minnstist ég á þetta í framhjáhlaupi við Steingrím Sævar Ólafsson, sem er ritstjóri á Pressunni, sem spurði þá hvort ég vildi ekki bara hafa vefinn inni á miðlinum þeirra en ég hefði síðan frjálssar hendur með hvernig ég myndi byggja hann upp. Ég ákvað þá að slá til og gera þetta fyrir sjálfan mig í smátíma.“

Síðan hefur Gunnar verið allt í öllu á Menningarpressunni, bæði sem blaðamaður og séð um að útvega auglýsingartekjur sem m.a. hafa farið í að greiða niður stofnkostnaðinn við vefinn. Hann viðurkennir að sennilega hafi hann gengið með blaðamanninn í maganum áður en til þessa kom. „Ég var ritstjóri Viljans á sínum tíma í Versló þannig að ef ég hefði ekki uppgötvað röðdina í mér þegar ég var 18 ára hefði ég sjálfsagt farið í blaðamennsku.“

Hann segir enga forsendu að les efnið sé í pappírformi. „Maður heyrir um gamlar frænkur sem fara

iðulega á netið, hittir þær jafnvel á Facebook, svo allt tal um að menning sé fyrir eldri kynslóðina sem verði að hafa dagblað í höndunum til að lesa svona skrif held ég að sé vitleysa. Netið býður þvert á móti upp á svo mikla möguleika því þar er hægt að fara yfir tiltölulega vítt svið án þess að lesandinn þurfi að lesa mikið um hluti sem hann kærir sig ekki um. Ef hann hefur t.a.m. ekki

» Ég get hins vegar ekki samþykkt að hið blómlega tónlistarlíf á Íslandi sé ekki sprottið úr tónlistarskólunum og því sé óhætt að umbylta hlutum þar án þess að það komi niður á þessari stórkostlegu tónlistarflóru sem er í gangi. Það er svo órókrétt á allan hátt.

áhuga á hönnun eða háskólasamfélaginu þarf hann ekkert að fara inn á síður sem snúa að þeim málaflokkum.“

Hann segir lesturinn á vefnum smátt og smátt hafa verið að aukast og tekið kipp í kring um umræðuna um tónlistarskólana sem hefur verið lífleg að undanförunu. „Ég hef leyft þeirri umræðu að fá pláss hjá mér og byrjaði reyndar að fjalla um þetta á undan öllum öðrum, eða í byrjun janúar. Það tengist mínu áhugasviði og líka því að ég á sjálfur börn í tónlistarskólum, fyrir utan að

ég kenni svolítið í tónlistarskóla. Þetta er mál sem skiptir okkur miklu meira máli en við gerum okkur grein fyrir og þá er ég ekki bara að tala um hagkerfið. Lönd eins og Þýskaland, Frakkland og Sviss leggja gríðarlega miklar fjárhæðir í menningu og jú, vissulega eru þetta ríkar þjóðir. En ég held að menningin hjá þeim sé ekki svona blómleg af því að þær séu svo ríkar, heldur eru þær svona ríkar af því að þær hafa svo blómlega menningu. Menningin skapar þannig ekki aðeins fé heldur getur hún af sér frjósemi í hugsun og það þurfum við fyrst og fremst að kynda undir í þessari úlfakreppu sem við erum í.“

Fólk í menningunni skeiult eins og aðrir

Gunnar heldur áfram: „Minn draumur er að Menningarpressan geti lagt sitt á vogarskálarnar til að gera menningu sýnilegri. Ég vil að hún njóti sannmælis. Fólk hefur kannski misskilið það þegar tónlistarfólk hefur bent á að miklir peningar séu settir í íþróttahreyfinguna, en við sjáum ekkert neikvætt við það. Það er hins vegar áhyggjuefni ef það er meira skorið niður í menningunni við svona aðstæður.“

Hann segir tónlistarmenntun skipta öllu máli ef tónlist sem atvinnugrein eigi að þrífast. „Við vitum að ef við skerum niður fjármagn til menningarmenntunarinnar þá kemur það niður á menningunni – það er bara svona einfalt. Viðhorfið sem maður fær frá Menntaráði Reykjavíkur er að það sé eitthvað stórkostlegt að í tónlistarskólunum – að búið sé að byggja upp kerfi sem virki ekki. Ég get hins vegar ekki

samþykkt að hið blómlega tónlistarlíf á Íslandi sé ekki sprottið úr tónlistarskólunum og því sé óhætt að umbylta hlutum þar án þess að það komi niður á þessari stórkostlegu tónlistarflóru sem er í gangi. Það er svo órókrétt á allan hátt.“

Að sögn Gunnars má þó eitt og annað betur fara í menningarlífinu sjálfa. „Það hefur verið mikið talað um skort á gagnsæi í þjóðfélaginu, að ekki sé faglega ráðið í stöður og svo framvegis, og fólk í menningargeiranum er skeiult eins og aðrir. Þá þarf einhver að veita aðhald og ég sé fyrir mér að það geti m.a. komið í hlut Menningarpressunnar.“

Gunnar vonast til að Menningarpressuvefurinn muni stækka og dafna svo hann geti fengið fleiri til liðs við sig, en segir það velta á fjármagni. Sjálfur hefur hann ýmis önnur járn í eldinum. Fyrir utan skrifinn kennir hann söng í hlutastarfi auk þess að halda úti óperusýningardeild við Söngskóla Sigurðar Demetz en er alveg hættur að syngja, í það minnsta hér á landi. „Ég verð hins vegar með tónleika í Þýskalandi í sumar og ég geri ráð fyrir að taka samningum um verkefni í Gautaborg í haust en það er varla fyrirhafnarinnar virði að syngja mikið hér heima.“

Í staðinn einbeittir hann sér að Menningarpressunni, a.m.k. fyrst um sinn. „Svo er ég reyndar að klára meistaraþróf í menningarstjórnun á Bifröst, vonandi í haust, og að því loknu veit ég ekki hvað ég geri. Það getur vel verið að ég snúi mér að einhverjum öðrum þegar Menningarpressan er komin á skrið og ég setji hana í hendurnar á einhverjum öðrum. Það er alltaf gaman að gera eitthvað nýtt.“